

Föstudaginn 29. ágúst 1997.

Nr. 277/1997.

Árni Jóhannesson

(Sigurbjörn Magnússon hrl.)

gegn

Stöð ehf.

(enginn)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Gagnsök.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 20. júní 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 27. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júní 1997, þar sem vísað var frá dómi gagnsök, sem sóknaraðili höfðaði í máli varnaraðila á hendur sér. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi að öðru leyti en ákvæði hans um málskostnað.

Varnaraðili lætur málið ekki til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júní 1997.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 7. febrúar 1997, og var aðalsök þingfest 13. febrúar 1997. Gagnsök var höfðuð með stefnu, birtri 19. mars 1997, sem var lögð fram í þinghaldi 20. mars, hinu sama og er fram var lögð greinargerð í aðalsök.

Aðalstefnandi er Stöð ehf., kt. 470378-0349, Sólvöllum 13, Grundarfirði.

Gagnstefnandi er Árni Jóhannesson, kt. 220446-4929, Bakkastíg 5, Reykjavík.

Til úrlausnar er, hvort vísa beri gagnsök frá dómi af sjálfsdáðum, og var

málið tekið til úrskurðar, eftir að lögmönnum aðila hafði verið gefinn kostur á að tjá sig munnlega um það 27. maí sl., sbr. 1. mgr. 104. gr. laga nr. 91/1991.

Í aðalsök gerir stefnandi eftirfarandi dómkröfu:

Að stefnda verði dæmt skylt að afhenda Íslandsbanka hf., Kirkjusandi, Reykjavík, kvittað til aflýsingar, frumrit veðskuldabréfs, út gefins í Reykjavík 15. október 1987 af Skúla Magnússyni, kt. 080646-3489, Mánagötu 17, Grindavík, til Bjarnfinns R. Jónssonar, kt. 070142-2369, Túngötu 55, Eyrarbakka, upphaflega að fjárhæð 1.000.000 kr., bundið lánskjaravísitölu, tryggt nú með 2. veðrétti í mb. Þorsteini, SH-145, og 2. veðrétti í fasteigninni Sólvollum 13, Grundarfirði, gegn móttöku geymslugreiðslu, að fjárhæð 973.550,20 kr., með áföllnum og áfallandi vöxtum samkvæmt kvittun nr. 1803, dags. 13. janúar 1997, að viðlögðum dagsektum, tíu þúsund krónum á dag, frá dómsuppkvaðningu, er renni til stefnanda.

Stefnandi keypti 21. desember 1987 mb. Faxavík, GK-727, með skipaskrárnúmer 1126 af Skúla Magnússyni, sem hafði keypt bátinn af Bjarnfinni R. Jónssyni og hét þá Skálavík, ÁR-185. Kaupverðið greiddi stefnandi m. a. með því að taka að sér greiðslu á skuld samkvæmt umstefndu veðskuldabréfi, út gefnu 15. 10. 1987 af Skúla Magnússyni til Bjarnfinns R. Jónssonar. Veðskuldabréfið var tryggt með 9. veðrétti í mb. Skálavík, ÁR-185, og til frekari tryggingar með 4. veðrétti í fasteigninni nr. 17 við Mánagötu, Grindavík. Hinn 1. 6. 1988 var fasteign stefnanda, Sólvellir 13, Grundarfirði, veðsett til tryggingar skuld þessari, og var fasteignin Mánagata 17, Grindavík, jafnframt leyst úr veðböndum. Hinn 14. febrúar 1989 framseldi Bjarnfinnur R. Jónsson skuldabréf það, sem mál þetta snýst um, til stefnda. Hinn 13. janúar 1997 geymslugreiddi stefnandi 973.550,20 krónur hjá Íslandsbanka hf., Kirkjusandi, Reykjavík, til lúkningar á eftirstöðvum skuldabréfsins. Stefnandi seldi 12. febrúar 1992 framangreindan bát, sem nú heitir Þorsteinn, SH-145, og var þá svo um samið, að kaupandi færði ekki aflaheimildir af hinum selda báti yfir á annan bát stefnanda, fyrr en veðskuldabréfi þessu hefði verið aflýst.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda.

Það er meginmálsástæða stefnanda, að hann hafi með geymslugreiðslu að fullu greitt skuldina samkvæmt veðskuldabréfinu. Það er meginmálsástæða stefnda, að sér hafi verið heimilt að gjaldfella veðskuldabréfið vegna vanskila 1. mars 1989 án uppsagnar og innheimta eftirstöðvar þess og að um skilyrði geymslugreiðslu hafi ekki verið að ræða.

Í gagnsök krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar samkvæmt framangreindu veðskuldabréfi, 1.470.047 króna, auk

dráttarvaxta samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. mars 1989 til greiðsludags, allt að frádregnum 2.070.778 krónum, sem greiddar hafi verið inn á bréfið að frátalinni geymslugreiðslu 13. janúar 1997.

Gagnstefndi krefst sýknu. Meginmálsástæða hans er sú, að vegna viðtökudráttar af hálfu gagnstefnanda geti hann ekki haldið fram og byggt á því, að umrætt skuldabréf hafi verið gjaldfellt frá og með fyrsta gjalddaga 1. 3. 1989. Ágreiningur er um, hvort þrjár fyrstu greiðslurnar, samtals 150.000 krónur, hafi átt að ganga til greiðslu á öðru en til greiðslu af skulda-bréfinu.

Í 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991 er kveðið á um heimild til að hafa uppi gagnkröfu með gagnstefnu, og segir í 2. málslíð: „Gagnsök verður að höfða innan mánaðar frá þingfestingu aðalsakar.“ Sá frestur, sem þar er settur, er skýr og fortakslaus, og var gagnsök í máli þessu samkvæmt því höfðuð sex dögum of seint. Koma þá til athugunar þær undantekningarheimildir til að höfða gagnsök, sem taldar eru í 3. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991: „Ef það er gert fyrir aðalmeðferð máls og það verður ekki metið varnaraðila til vanrækslu að hafa ekki gert gagnkröfu sína í tæka tíð.“ Hinu fyrra framan-greindra skilyrða er fullnægt. Engar skýringar eru hins vegar af hálfu gagnstefnanda gefnar á þeirri töf, sem varð á því að hafa uppi gagnkröfuna, og af gögnum málsins að öðru leyti verður ekki ráðið, að það verði ekki metið honum til vanrækslu að hafa ekki gert kröfuna í tæka tíð. Samkvæmt þessu ber að vísa gagnsökinni sjálfkrafa frá dómi. Málskostnaður í gagnsök falli niður.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gagnsök í máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
